

Ed.

## 202. Nefndarálit

[57. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Breiðumýrarholt í Árnassýslu og um makaskipti á löndum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta eins og það liggur fyrir frá Nd., en þar tók það þeirri breytingu frá því, sem það var upphaflega flutt, að bætt var í það ákvæði um makaskipti á landi milli skógræktar ríkisins og Hafnarfjarðarkaupstaðar. Samkvæmt þessu viðbótarákvæði frv. á Hafnarfjarðarkaupstaður að fá hluta af landi skógræktar ríkisins í Hafnarfjarðarhrauni gegn landi á öðrum tilteknum stað. Samkvæmt ábendingu skógræktarstjóra er land það, sem hér um ræðir, ekki í Hafnarfjarðarhrauni, heldur í landi Þorbjarnarstaða og Straums í Garðahreppi. Til lagfæringar á þessu flytur nefndin breytingartillögu við frv.

Þá lá fyrir nefndinni bréf frá þremur bændum í Sandvíkurhreppi í Árnassýslu, þar sem þeir fara fram á að fá eyðibýlið Smjördalakot í sama hreppi keypt í því skyni að skipta landi þess milli jarða sinna.

Býli þetta hefur verið í eyði árum saman, en land þess nytjað frá nálægum jörðum, enda löndin legið saman og jarðir þessar landlitlar.

Nú hafa þessir þrír bændur komið sér saman um væntanleg skipti á landi Smjördalakots, eins og segir í bréfi þeirra til landbúnaðarráðuneytisins, sem prentað er sem fylgiskjal með nefndarálitum þessu.

Þar sem ljóst virðist vera, að þessum bændum sé nauðsyn á að auka við land sitt, og ekki er líklegt, að Smjördalakotið verði tekið í byggingu, því að það er mjög landlitið og frekar illa sett sem sérstakt býli, sýnist nefndinni, að rétt sé að verða við beiðni þeirra um þetta, og flytur í því skyni breytingartillögu við frv. Þess skal getið, að leitað hefur verið álits landnámsstjóra um þetta atriði, og kvaðst hann ekki hafa neitt við það að athuga, þó að sala þessarar jarðar færi fram á þeim grundvelli, sem hér um ræðir. Þá er og kunnugt að hreppsnefnd Sandvíkurhrepps er meðmælt því, að sala þessi fari fram.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

### BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.

a. Á eftir 1. tölul. bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

Að selja eigendum og ábúendum jarðanna Smjördala, Nýjabæjar og Ljónsstaða í Sandvíkurhreppi í Árnassýslu, þeim Jóni Þorkelssyni, Þorsteini Brynjólfssyni og Leó Viggó Johnsen, hverjum um sig hluta úr þjóðjörðinni Smjördala-Norðurkoti í sama hreppi fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta hvern hluta, enda falli ábúendur, hver um sig, frá forkaupsrétti að áveitulöndum þeim (svonefndri Hrismýri), sem þeir hafa áður afsalað ríkissjóði til greiðslu á áveituskatti.

b. Í stað orðsins „Hafnarfjarðarhrauni“ í 2. tölul. komi: landi Þorbjarnarstaða og Straums í Garðahreppi.

2. Fyrirsögn orðist svo:

Frumvarp til laga um sölu tveggja jarða í opinberri eigu og um makaskipti á löndum.

Alþingi, 15. des. 1955.

Páll Zóphóníasson,  
form.

Sigurður Ó. Ólafsson,  
fundaskr., frsm.

Andrés Eyjólfsson.

Jón Kjartansson.

F. R. Valdimarsson.

### Fylgiskjal.

Til landbúnaðarráðuneytisins, Reykjavík.

Við undirritaðir eigendur og ábúendur Smjördala, Nýjabæjar og Ljónsstaða í Sandvíkurhreppi í Árnassýslu förum þess á leit við landbúnaðarráðuneytið að fá keypta ríkisjörðina Smjördala-Norðurkot í Sandvíkurhreppi, þannig að Smjördalir kaupi úrskipt land norðan Votmúlavegar og Ljónsstaðir og Nýibær áveituland jarðarinnar.

Land það, sem Smjördalir óska eftir að kaupa, liggur vel við til afnota fyrir Smjördali. Landið er að mestu hraunlendi, sem liggur fast að túni Smjördala. Landið er lélegt til ræktunar, en liggur vel við til beitar.

Áveituland Smjördala-Norðurkots liggur vel við til sameiningar landi Nýjabæjar og Ljónsstaða, en báðar eru þessar jarðir landlitlar fyrir.

Ef úr kaupum yrði á landi Smjördala-Norðurkots, þá afsöllum við okkur forkaupsrétti á áveitulandi því, sem jarðir okkar létu á sínum tíma upp í áveituskatt, svonefndri Hrísmýri.

Vér leyfum oss jafnframt að benda á, að jörðin Lækjarmót í sama hreppi þarfnast mjög aukins lands og ábúandi þeirrar jarðar hefur hug á að kaupa Hrísmýrina, sem liggur mjög vel við til nytja fyrir Lækjarmót.

Með afgreiðslu þessa máls leysast vandamál fjögurra jarða í hreppnum, og væntum vér skjótrar afgreiðslu landbúnaðarráðuneytisins, eða Alþingis ef með þarf, á þessu máli.

St. Selfossi, 29. nóvember 1955.

Fyrir Smjördali,  
Jón Þorkelsson.

Fyrir Nýjabæ,  
Þorsteinn Brynjólfsson.

Fyrir Ljónsstaði,  
Leó Viggó Johnson.